

Nefndasvið Alþingis
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2015

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu), 156. mál.

Þann 22. október 2015 óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn Félags atvinnurekenda (FA) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið nr. 34/1944, með síðari breytingu (notkun fánans við markaðssetningu á vöru og þjónustu) sem lagt var fyrir þingið þann 23. september 2015, sbr. þingskjal nr. 156.

Frumvarpið er endurflutt frá síðasta þingi en það er í grunninn byggt á þingmannafrumvarpi sem flutt var á 143. gr. löggjafarþingi, sbr. 13. mál. FA skilaði umsögn um það frumvarp þann 1. nóvember 2013.

FA lýsir yfir stuðningi við frumvarpið og telur þá rýmkun á reglum um notkun þjóðfánans sem lögð er til geta auðveldað íslenskum fyrirtækjum markaðssetningu á vörum sínum og þjónustu. FA telur þó að ákvæði 3. ml. a-liðar 2. gr. frumvarpsins um að vara skuli hafa verið framleidd hér á landi í a.m.k. 30 ár undir sama vörumerki til þess að teljast íslensk að uppruna sé of stíft m.a. með vísan til þess að vara hefur sjaldnast svo langan líftíma. Telur FA að heppilegra sé að miða við 10-15 ár.

Að öðru leyti mælir FA með samþykkt frumvarpsins en áskilur sér þó rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Inga Skarphéðinsdóttir
Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur FA